



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 9. mars 2016 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Steindór R. Haraldsson, Inga Rós Sævarsdóttir, og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Viðaukar við fjárhagsáætlun

Fyrir fundinum lá tillaga að viðaukum við fjárhagsáætlun 2015. Í tillögunni er gert ráð fyrir að rekstrartekjur A-hluta aukist um 39,7 milljónir og rekstrargjöld aukist um 36,5 milljónir. Auknar tekjur eru vegna hækkunar skatttekna og framlaga Jöfnunarsjóðs og eingreiðslu úr Sóknaráætlun vegna uppgjörs hitaveituvæðingar. Aukinn rekstrarkostnaður verði að mestu vegna launakostnaðar og hækkunar á samningi við Hjallastefnu vegna launahækkana og sérkennslu. Samtals er því gerð tillaga um viðauka sem geri ráð fyrir 3,2 milljóna jákvæðari niðurstöðu A-hluta. Tillaga um viðauka í B-hluta gerir ráð fyrir að tekjur hafnar verði 21 milljón hærri og kostnaður vegna viðhalds hafnarmannvirkja verði 4 milljónum meiri en áætlun gerði ráð fyrir. Samtals er gerð tillaga um 17 milljón króna jákvæðari niðurstöðu B-hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Heildarniðurstaða viðauka er að rekstur verði jákvæðari sem nemur 20,2 milljónum króna. Í tillögu að viðauka er einnig fjallað um fjárfestingar ársins og gert ráð fyrir nokkrum tilfærslum og að fjárfestingar verði 1,2 milljónum minni en áætlun gerði ráð fyrir. Viðaukar við fjárhagsáætlun voru samþykktir.

### 2. Reglur um félagslegt húsnæði.

Fyrir fundinum lágu drög að endurskoðuðum reglum um útleigu á íbúðum í eigu sveitarfélagsins. Í reglunum er fjallað um leiguverð, rétt til umsókna og forgangsroðun, fylgigögn og ferli umsókna, leigurétt, leigutíma, tryggingafé og almenn ákvæði um leigu íbúða. Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi reglur og samþykkti að vísa þeim til annarrar umræðu á næsta fundi.

### 3. Gjaldskrár sveitarfélagsins

Fyrir fundinum lágu tillögur að nokkrum gjaldskrár sveitarfélagsins sem voru teknar til umfjöllunar. Sveitarstjórn ræddi þær, gerði nokkrar breytingar en samþykkti síðan gjaldskrár eftirfarandi deilda:

- a. Frístundar – skóladagheimilis
- b. Vatnsveitu
- c. Gatnagerðagjalds og byggingaleyfisgjöld
- d. Fellsborgar.

### 4. Hlutabréf í Tækifæri hf.

Fyrir fundinum lá tilboð frá KEA svf í eignarhlut sveitarfélagsins í Tækifæri hf. Tilboðið er samræmt tilboð til allra annarra hluthafa og er gert í beinu framhaldi af kaupum KEA á eignarhlut Akureyrarkaupstaðar í félaginu og byggir á sömu forsendum.



Sveitarstjórn samþykkti að ganga að kauptilboðinu og jafnframt að falla frá forkaupsrétti á hlutabréfum í Tækifæri hf. á öllum tilboðum sem kunna að verða samþykkt í hlutabréf Tækifæris hf frá 1. janúar 2016 til 15. júní 2016.

## 5. Hólanes ehf

Oddviti sem jafnframt er stjórnarformaður Hólaness ehf. lagði fram til kynningar frumdrög að teikningu hótels sem teiknað er á lóð Fjörubrautar 6.

Umræður urðu um ferðamál og möguleika á byggingu og rekstri hótels. Samþykkt að vísa því til atvinnumálanefndar að halda almennan fund um ferðamál og atvinnumál.

## 6. Bréf:

a. Farskóla Norðurlands vestra, dags. 1. febrúar 2016

Með bréfinu er kynnt verkefnið „Fræðslustjóri að láni“ sem er samstarfsverkefni nokkurra fræðslusjóða og gengur út á að lána út mannauðsráðgjafa til að greina menntunarþarfir starfsmanna. Sveitarstjórn lýsti áhuga á að sveitarfélagið verði þátttakandi í verkefninu.

b. Sigurlaugar I. Gísladóttur, dags. 22. janúar 2016

Í bréfinu sem er afrit bréfs sem er stílað á Blönduósbæ er gerð grein fyrir þeirri hugmynd að setja upp upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn í Húnabúð við Þjóðveg nr. 1. Sigurlaug er eigandi verslunarinnar Húnabúðar og hefur fengið leigt í húsnæði við hlið N1 þjónustustöðvar á Blönduósi. Bréfið var til kynningar.

c. USAH, dags. í mars 2016

Með bréfinu er sveitarstjórn boðið á 99. ársþing Ungmennasambands Austur – Húnavetninga, sem haldið verður sunnudaginn 13. mars kl 10.00 á Húnavöllum. Bréfið var til kynningar.

d. Júðofélagsins Pardus, dags. 9. febrúar 2016

Með bréfinu er sótt um styrk fyrir félagið vegna starfsársins 2016. Samþykkt að styrkja félagið um 50.000 kr.

e. Styrktarsjóðs EBÍ, dags. 22. febrúar 2016

Með bréfinu er gerð grein fyrir að opnað hafi verið fyrir umsóknir í styrktarsjóðinn og að umsóknarferstur sé til loka aprílmánaðar. Ítrekað er að umsóknir skuli vera vegna sérstakra framfaraverkefna á vegum sveitarfélaga. Bréfið var til kynningar.

f. Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 1. mars 2016

Með bréfinu er boðað til XXX. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga, 8. apríl 2016, þar sem meginviðfangsefni verða fjármál sveitarfélaga og húsnæðismál. Meðfylgjandi fundarboðinu var dagskrá landsþingsins og fundarboð á aðalfund Lánaþjóðs sveitarfélaga ohf. ásamt dagskrá. Bréf og dagskrár voru til kynningar.



### 7. Fundargerðir:

- a) Skólanefndar FNV, 22.02.2016  
Fundargerðin var til kynningar
  
- b) Hafnasambands Íslands, 18.01.2016  
Fundargerðin var til kynningar.
  
- c) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 29.01.2016  
Fundargerðin var til kynningar.
  
- d) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 26.02.2016  
Fundargerðin var til kynningar.

### 8. Önnur mál

Ekki voru bókuð mál undir þessum dagskrárlið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 10.40

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson